

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Brúnir II, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 17. maí 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir Brúnir II sem samþykkt var í umhverfis- og framkvæmdanefnd þann 10. maí 2017.

Í breytingu á deiliskipulagi fyrir Brúnir II eru skipulagsskilmálar Dalbrúnar hreinskrifaðir. Hluti greinargerðar sem nær yfir Selbrún tekur breytingum, bæði fjöldi íbúða og tegund þeirra breytast. Þar sem áður var gert ráð fyrir 6 einbýlishúsum er nú gert ráð fyrir par-, rað- og fjöleignarhúsum, allt að 18 íbúðum.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi var kynnt frá 7. mars 2017 til 3. maí 2017. Engar ábendingar eða athugasemdir bárust á kynningartíma.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 31. maí 2017.

Vífill Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2017